

SAMÞYKKT

um hundahald í Vesturbyggð.

1. gr.

Stjórnsýsla.

Hundahald í Vesturbyggð sætir þeim takmörkunum sem fram koma í samþykkt þessari. Fyrir hönd sveitarstjórnar annast hundaeftirlitsmaður Vesturbyggðar á hennar vegum framkvæmd og eftirlit samkvæmt samþykkt þessari í lögsagnarumdæmi sveitarfélagsins í umboði og undir eftirliti heilbrigðisnefndar Vestfjarðar.

2. gr.

Leyfi til hundahalds.

Hundahald í Vesturbyggð er heimilt að fengnu leyfi og uppfylltum þeim skilyrðum, sem sett eru í samþykkt þessari. Í þéttbýli er óheimilt að vera með fleiri en þrjá hunda á hverju heimili nema að fenginni undanþágu.

3. gr.

Skilyrði fyrir leyfi.

Leyfi til hundahalds má veita að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a. Umsækjandi skal vera lögráða. Leyfið er persónubundið, óframseljanlegt og bundið við heimili umsækjanda enda er það ófrávíkjanlegt skilyrði að hundur sé skráður þar og haldinn. Í undantekningartilvikum er þó heimilt að víkja frá lögheimilisskilyrðinu, ef um er að ræða skamman tíma og aðstæður leyfishafa eru þess valdandi. Við slíkar aðstæður þarf þó að gæta að öðrum ákvæðum samþykktar þessarar.
- b. Hafi umsækjandi ítrekað eða gróflega gerst brotlegur við samþykkt þessa eða fyrri samþykktir sama efnis eða lög um dýravernd, er heimilt að hafna umsókn hans.
- c. Að fyrir liggja samþykki sameigenda fjöleignarhúss þar sem það á við. Sjá þó ákvæði 33. gr. d. fjöleignarhúsalaga nr. 26/1994 um leiðsögu- og hjálparhunda.

4. gr.

Bannaðar hundategundir.

Óheimilt er að halda hunda af eftirtöldum tegundum; Pit Bull Terrier, Fila Brasileiro, Tosu Inu, Dogo Argentino, blendinga af fyrirtöldum tegundum, blendinga af úlfum og hundum, og aðrar þær tegundir sem hættulegar eða óæskilegar teljast að fenginni reynslu eða mati sérfróðra aðila.

5. gr.

Hundar á lögbýlum.

Hunda á lögbýlum skal skrá og skulu eigendur þeirra greiða skráningargjald fyrir hvern hund en þeir eru undanþegnir árlegu eftirlitsgjaldi. Að öðru leyti gilda önnur ákvæði samþykktarinnar um hunda á lögbýlum.

6. gr.

Leiðsögu- og hjálparhundur og björgunarsveitarhundar.

Leiðsögu- og hjálparhundur, sbr. 33. gr. d. fjöleignarhúsalaga nr. 26/1994 og hundar viðurkenndra hjálpar- og björgunarsveita skal skrá og skulu eigendur þeirra greiða skráningargjald fyrir hvern hund en þeir eru undanþegnir árlegu eftirlitsgjaldi. Að öðru leyti gilda önnur ákvæði samþykktarinnar um leiðsögu- og hjálparhunda og björgunarsveitarhunda.

7. gr.

Umsóknir, skráning og frestir.

Umsókn um leyfi til hundahalds skal senda til hundaeftirlitsmanns á þar til gerðum eyðublöðum, eigi síðar en mánuði eftir að hundur er tekinn á heimili og hvolpa eigi síðar en þeir verða

fjögurra mánaða gamlir. Vottorð dýralæknis um að hundur hafi verið örmerktur, sbr. 10. gr., bólusettur og hreinsaður skulu fylgja umsókn um skráningu.

Umsókn skal fylgja greiðsla skráningargjalds sbr. 11. gr.

Leyfisbréf skal útgefið af hundaeftirlitsmanni, sem sendir lögregluþvöllum afrit af leyfisbréfinu.

8. gr.

Hundaskrá, tilkynningarskylda eiganda.

Upplýsingar um hundinn skal skrá hjá hundaftirlitsmanni. Skrá skal heiti hunds, aldur, kyn, litarhátt og eftir atvikum önnur einkenni. Leyfishafi fær afhenta plötu sem greypt er í skráningarnúmer og símanúmer ásamt nafni hunds og skal plata þessi jafnan vera í ól um háls hundsins.

Hundaeiganda ber að tilkynna hundaftirlitsmanni um aðsetursskipti.

Einnig skal hann tilkynna ef hundurinn deyr eða er fluttur úr lögsagnarumdæminu og hvert hann flytur. Eigandaskipti skal tilkynna með sama hætti.

9. gr.

Ábyrgðartrygging.

Leyfishafa er skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna hundsins og gerir sveitarfélagið heildarsamning við tryggingarfélag um slíka tryggingu. Iðgjald skal innifalið í skráningargjaldi og árlegu eftirlitsgjaldi, sbr. 11. gr.

10. gr.

Ormahreinsun, örmerking.

Hundar skulu örmerktir og færðir árlega til ormahreinsunar og hvatt er til reglulegrar bólusetningar gegn smitsjúkdómum þeirra. Hundar skulu færðir fyrst til hreinsunar áður en þeir hafa náð 4ra mánaða aldri. Vottorði dýralæknis um ormahreinsun skal skilað til eftirlitsaðila fyrir 31. desember ár hvert. Ormahreinsun er innifalin í árlegu eftirlitsgjaldi, sbr. 11. gr.

11. gr.

Gjöld fyrir leyfi.

Fyrir leyfi til að halda hund skal leyfishafi greiða gjöld sem renna í bæjarsjóð, annars vegar leyfisgjald og hins vegar eftirlitsgjald. Gjöldum þessum er ætlað að standa undir kostnaði sveitarfélagsins af hundahaldinu og framkvæmd samþykktar þessarar. Bæjarstjórn setur gjaldskrá samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Leyfisgjaldið greiðist við skráningu hunds og eftirlitsgjald síðan árlega 15. mars með eindaga 1. apríl ár hvert. Dragist greiðsla lengur en mánuð fram yfir eindaga fellur leyfið niður.

12. gr.

Varúðar-, aðgæslu- og umgengnisskyldur hundeigenda.

Leyfishafi skal gæta þess vel, að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði né raski ró manna. Hundar skulu ávallt vera í taumi utan húss og í umsjá manns, sem hefur fullt vald yfir þeim. Heimilt er þó að hafa hunda lausa undir eftirliti ábyrgs aðila innan hundheldrar girðingar.

Óheimilt er að láta hunda vera lausa innan marka þéttbýlis, nema nytjahunda, þegar þeir eru að störfum í gæslu eigenda eða umráðamanns.

Lausaganga hunda er bönnuð í dreifbýli nema með leyfi landeigenda.

Hundaeiganda er ávallt skylt að fjarlægja saur eftir hundinn.

13. gr.

Staðir sem hundar mega vera lausir.

Heimilt er að sleppa hundum lausum á eftirtöldum stöðum og svæðum:

- a. Innan hundheldra girðinga sem eru a.m.k. 180 sm háar. Skulu slíkar girðingar vera í kringum húsnæðið og útigerði og þannig fyrirkomið að hundarnir geti ekki grafið sig undir

girðinguna eða stokkið eða klifrað yfir þær. Óheimilt er að nota girðingarefni sem dýrin geta skaðað sig á.

- b. Innan hundaæfingarsvæða sem samþykkt hafa verið af skipulags- og byggingarnefnd.

14. gr.

Óheimilaðir staðir samkvæmt ýmsum reglugerðum.

Ekki má hleypta hundum inn í almenningsfarartæki, húsrými, s.s. skóla, leikvelli, íþróttavelli eða þá staði, sem um getur í 1. mgr. 19. gr., sbr. fylgiskjal 3 í reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002. Einnig er óheimilt að hleypta hundum inn í húsnæði matvælafyrirtækja, sbr. reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli, og inn í húsnæði vatnsveitna sbr. reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn og reglugerð nr. 405/2004 um náttúrulegt ölkelduvatn og átappað lindarvatn.

Nánar er hér m.a. um að ræða: eftirtalda staði:

1. Vatnsveitur, vatnsból og vatnsverndarsvæði þeirra, brunna og sjóveitur.
2. Almennings- og útisalerni.
3. Hvers konar sorpgeymslur og sorpförgunarstaði.
4. Veitingastaði og matsölustaði.
5. Gististaði, tjald- og hjólhýsasvæði, nema með leyfi umsjónaraðila.
6. Heilbrigðis- og meðferðarstofnanir.
7. Skóla og sumarbúðir.
8. Lækna- og tannlæknastofur.
9. Sjúkraþjálfunar-, aðgerða- og nuddstofur.
10. Sólbaðs-, snyrti- og húðflúrstofur.
11. Vistarverur handtekinna manna.
12. Íþróttavelli, íþróttahús og heilsuræktarstöðvar.
13. Leikskóla og gæsluvelli.
14. Húsakynni, þar sem framleidd eru og eða seld matvæli og aðrar neysluvörur.
15. Samkomuhús s.s. kirkjur, leikhús, hljómléikasali, söfn og kvikmyndahús.
16. Kirkjugarða, bálstofur, líkhús og líkgeymslur.

15. gr.

Lausir hundar. Ómerktir hundar.

Lausir hundar skulu tilkynntir til hundaeftirlitsmanns Vesturbyggðar.

Ómerktir flækingshundar skulu teknir úr umferð. Gefi eigandi sig ekki fram innan sjö sólarhringa hefur eftirlitsmaður í samráði við dýralækni, heimild til þess að lóga viðkomandi hundi að þeim tíma liðnum.

Merkir hundar á flækingsi skulu einnig teknir úr umferð og tilkynna skal um þá til eigenda. Ef eigandi hunds vitjar hans ekki innan sjö sólarhringa og svarar ekki til saka um brot á samþykkt þessari, sé um slíkt að ræða, hefur eftirlitsmaður, í samráði við dýralækni, heimild til að ráðstafa hundinum til nýrra eigenda eða að lóga hundinum að þeim tíma liðnum.

Hafi hundur verið handsamaður er óheimilt að afhenda hann fyrr en að lokinni skráningu, greiðslu leyfisgjalds og áfallins kostnaðar. Kostnaður við handsömun, geymslu eða aflífun skal að fullu greiddur af eiganda.

16. gr.

Hundaftirlitsmaður. Nánari framkvæmd.

Eftirlitsmaður með dýrum í Vesturbyggð annast framkvæmd og eftirlit með hundahaldi í Vesturbyggð og getur hann leitað aðstoðar lögregluþingvalda, þegar þörf krefur. Bæjarstjórn getur sett reglur um nánari framkvæmd reglna þessara, svo sem um eftirlit, hreinsun, hundageymslu o.fl.

17. gr.

Brot gegn samþykktinni. Afturköllun leyfis.

Um brot gegn samþykkt þessari fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, sem um hundahald gilda, getur bæjarstjórn afturkallað leyfið. Einnig getur bæjarstjórn afturkallað öll leyfi til hundahalds telji hún þess brýna þörf.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um að ræða stórfellt eða ítrekað ásetningsbrot skal það að auki varða fangelsi allt að fjórum árum. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skulu sæta málsmeðferð sem boðin er í lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

18. gr.

Lagagrundvöllur.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Vesturbyggðar staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 2. júlí 2012.

F. h. r.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Íris Bjargmundsdóttir.